

1281

Jónsbók**Rekabálkr.****Kap. 1.**

Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla ok þara, nema með lögum sé frá komit. Ef við rekr á fjöru manns, þá skal hann marka viðarmarki sínu, því er hann hefir sýnt áðr grönnum sínum . . . Eigi er lögmark ella. Rétt er at maðr vaði til ok marki þar tréit, ef hann kemr því eigi ór flæðarmáli, ef þat er við þá fjöru er festa má reka á, ok á hann þá, þó at á annars fjöru komi. En hinn er fjöru á skal gera honum orð, ef hann veit hverr á, eða lýsa at kirkju. . . . Ef við eða hval rekr í gegnum merkiósa upp á land, ok á sá maðr þat er land á fyrir ofan. Ef vötn eða lón ganga fyrir ofan fjöru manns, ok kasti þar hval eða viði yfir malarkamb eða eyrantanga upp í vatnit, þá á sá maðr er vatn á eða jörð fyrir ofan, ef á land rekr; helgar þar festir hval, en við mark sem annars staðar. Nú brýtr nýja ósa út í gegnum fjöru manns, ok rekr þar hval eða við upp á jörð, ok á sá er fjöru á fyrir utan. En þó at brjóti nýja ósa í gegnum fjöru manns, þá skal hinn forni ráða. Nú verpr tré eða hval á jörð upp, ok á sá bæði er reka á. En ef þar er jörð gróin yfir viði eða beinum, þá á sá er jörð á. Þar er tré eru í jörðu hálf ofarr en nú gengr flóð til, ok á sá maðr þar tré ok bein er jörð á fyrir ofan. En ef tré eða bein eða tálkn er í flæðarmáli, þó at sandi sé yfir orpit eða í grjóti fast, þá á sá þat allt er fjöru á. Nú eru ósar at merkjum, þá á hvárr þeira reka allan til miðs óss. Ef rekann festir í miðjum ósinum, þá á hálfan hvárr þeira. Nú rekr við eða hval upp eptir þeim ósi ok kastar á svarðfast land, eða festir í vatnsbökkum fyrir ofan rekamark, þá á sá er jörð á eða eyrar, ef þar festir, nema festi í miðju vatninu, þá skal jafnt hverfa rekinn til hvárs tveggja lands, allt þat er þar rekr. Ef birkivið rekr út at merkiósum, ok á sá þann við er jörð á fyrir ofan reka þann er tréit kemr á. Ef við rekr at á ofan ok festir í eyrum eða rekr á land upp, þá á sá þann við er jörð á, nema einn maðr eigi allan skóg, þá á sá.

Kap. 2. Um viðreka ok veiði fyrir utan netlög.

Hverr maðr má flytja ok fényta sér við þann allan er hann finnr fljótanda fyrir annars landi út frá rekamarki. Taka má maðr við ok hval þar við annars land at flytja er eigi er ván at festi, nema svá sé nær þeiri fjöru er festa má reka á, at sjá mundi mega þaðan fisk á borði, ef eigi bæri land fyrir. Svá á allar flutningar at taka. Ef maðr flytr við sinn á annars fjöru, ok skal sá viðr eigi þar lengr liggja en þrjár nætr, ef þat er rekafjara, nema nauðsyn banni, ella bæti . . . skaðabót þeim er reka á. Rétt er honum at færa upp á land ór fjöru ok hafa þaðan flutt innan tólf mánaða þaðan frá. Allir menn eigu at veiða fyrir utan netlög at ósekju. . . . Ef maðr kaupir reka af landi manns at lög máli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjörr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri alnarlóng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, ok svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr, er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel. Hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn í land en fimm, þá á rekamaðr. Landeigandi á ok flutningar allar ok at varðveita skotmannshlut . . . ok hvali þá alla er fyrir mönnum hlaupa á land, ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni. Ef viðr flýtur í netlögum, þann á rekamaðr. En ef útar er viðrinn, ok má þó

sjá fisk á borði, þá á sá maðr, er jörð á, ok allt þat er þar flýtr. En fjörumaðr þat, sem í netlögum er, hvárt sem net er lagit af landi eða skeri. Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, ok á sá þat ok reka þann, er fylgir, er meginland á næst, nema með lögum sé frá komit.

Kap. 3. Um festing á hval.

Ef hval rekr á fjöru manns, þá skal sá er á landi býr þar næst festa hval þann, hverr sem fjöru á, ok hafa slíkt af hval sem fyrr skilr leiguliða, þó at landsdrottinn búi sjálfir á jörðu. Hann skal festa hval þeim festum at eigi sé ósterkari en reip þau tíu er tveggja manna affli haldi hvert, ok sé þá borinn annarr endir um stökk eða stein. Rétt er honum at skera festar af sjálfum hvalnum. Ok ef svá er festir, þá ábyrgist hann eigi, þó at út taki hvalinn ef sumr er festarstúfr á landi, en sumr í hval, ok á hann hvalinn er áðr átti, þó at á annars fjöru komi. Hann skal flytja brott hvalinn, hvárt er hann vill á skipi eða eykjum, ok neyta engis þar, nema vatns ok haga. En ef sex skynsamir menn sanna þat með eiðum, at hvalr sé verr festir en nú var talt, þá á sá ekki í, þó at út taki, er festi, ok ábyrgist at öllu, ef annarr á hval. Hann á þegar at senda mann þann er fari fullum dagleiðum þeim er reka á. En landbúi skal þá skera hval ok þeir menn er hann fær til, til fjórðungs, þar til er rekamaðr kemr til eða hans umboðsmaðr, þá skulu þeir ráða þeim er óskorinn er. En ef þar eigu fleiri í reka, þá skal hann þeim orð gera er mest á í, en hinna hlut skal hann varðveita ok selja sem hann eigi sjálfir, ok ábyrgist við sínum handvömmum. Nú skerr maðr hval á fjöru sinni ok rekr þar fjósir út, tálkn eða bein, ok rekr á annars fjöru, þá á sá þat er fjöru á, ef lengra er frá fjörumarki hins en tvau hundruð faðma. Svá er ok um garnar ok seymi ok allt þat er fémett slítr út af hval. En ef urgur eru í hvalfjósum þeim er út sleit, þá helga þær þeim er átti í fyrstu. Nú þó at hvalr sé minni en festingarhvalr eigi af at takast, þá er sá jafnskyldr er á jörðu býr at festa hinn minna sem hinn meira. Allt skal hann þat færa ór flæðarmáli er fémett rekr á fjöru þá, sem hann ætti land ok reka, ella ábyrgist hann at öllu við rekamann. Lauss er sá maðr við reka varðveislur er á jörðu býr, ef rekamaðr hefir öðrum umboð fengit, ok skal sá þá fyrir sjá ok ábyrgjast svá sem hinn skyldi. Ef nokkurr maðr kallar sá til meira hvals en fyrr hefir haft, er menn vitu þó at nokkut á í reka, þá skal honum þó til handa skipta þeim hval er hann kallar til yfir þat er rekamaðr veit, hálfu minna en hann kallar til. Nú prófast sem annar hvárr hafi logit, gjaldi sá hval tvennum gjöldum þeim er á ok kostnað sinn allan þann sem hann hefir fyrir haft. . . . Nú kemr hvalr eða tré á rekamark, þá eigi svá hverr sem reka á undir.

Kap. 4. Um skot, ef þat finnst í hval, ok ef leynt er skotinu.

Ef hval rekr á fjöru manns, ok á fjörumaðr þann allan, ef eigi er skot í. En ef skot finnst í þat er þingborit mark er á, þá á skotmaðr hálfan, ef hann kemr til áðr hans hlutr er virðr ok veginn ok af fjöru fluttr. En svá skal maðr skots leita sem hann ætti skots ván í hval á annars fjöru. En sá á vætt spiks af skotmannshlut er finnr skot. Ef fjörumaðr veit hverr skot á, þá skal hann gera honum orð, ef hann er svá nær at fara má tvívegis þangat þann dag er þá er, ef hann færir árdegis. En ef hann gerir eigi skotmanni orð þegar skot finnst, — því at svá mikit skal hafa af síðarra degi sem þá var af fyrra er maðr var sendr, — þá sekist hann mörk, hafi hálfu konungr, en hálfu skotmaðr, ok slíkan hval sem honum væri at lögum orð ger. Landeigandi á at skera til fjórðungs skotmannshlut,

þar til er skotmaðr kemur til, ok ábyrgjast þann hval við skotmann. Síðan skal skotmaðr ráða sínum hval hinum óskorna ok ábyrgjast sjálfir þann. . . .

Kap. 5. Um skotmannshlut, hversu fara skal.

Hvervetna þess er skotmaðr kemr svá til skothvals at sumr er óskorinn, þá skal hann ráða hinum óskorna jafnan, en hinn er skar skal hafa fjórðung af þeim er hann skar, ok svá skal jafnan fara, ef hann kemr til fyrr en hans hlutr sé allr virðr ok veginn ok af fjöru fluttr. Nú kemr engi at kalla til skots þess er þar er fundit, þá skal landeigandi varðveita skotit ok hafa þá hálfan skotmannshlut, hversu sem hann kemr kaupi við skurðarmenn. Skothval skulu virða . . . skynsamir menn . . . Nú eru fleiri skot í hval en eitt, þá á sá hvalinn er fyrstr kom banaskoti á ok þingborit mark hafi. Ekki sakar, ef í spik kemr. Ef maðr veiðir hval þann er áðr er helvænn af þingbornu skoti, ok á sá þó skotmannshlut, er fyrri skaut hvalinn, en hinn fyrir starf sitt. . . . Þeir skulu æ skothval virða er næstir búa því er skot finnst. Sá maðr á at varðveita skotmannshlut er land á, ef annarr á reka, en hálftr á hvárr þeirra bein ok tálkn. Landeigandi á heimting við rekamann, ef hvalr er seldr áðr skot finnst, en skotmaðr við hann. Ef hval slítr út þann er menn hafa skorit ok finnst skot í, hvar sem á land rekr, þá á skotmaðr heimtu at öllum þeim er fjöru áttu þar er sá hvalr kom, ok svá þó at menn skeri á floti eða skeri, ok skeri til helmingar, ef lögliga er virðr, en æ til fjórðungs, ok eigi er virðr. Sá maðr er skot hefir at varðveita skal sýna ok segja til marks á skotinu eða umboðsmaðr hans, ok svá til nafns síns, ok svá hve mikit fé skoti fylgir.

Kap. 6. Um fiskhelgi ok ábyrgð á flutningarhval.

Ef maðr finnr hval á floti, þá skal hann flytja hvert er hann vill, ef þat er útar fyrir annars landi en fisk sér á borði. Þat skal þorskr vera flattr, álvar í óxarþærum. Á því borði skal sjá er til lands veit þaðan sem fjarar lengst. Ef menn koma til þá er hann hefir festar í borit hval, þá er hann eigi skyldr við þeim at taka, ef hann fær fluttan hval. En þó at þeir beri festar í, þá eigu þeir eigi at heldr. En ef þeir koma eigi hval til lands er níttu liði hinna, þá skulu þeir ábyrgjast hvalinn við þá. . . .

Kap. 7. Um flutningarhval ok gríðmenn finna.

Þess hvals er fluttr er eigu flytjendr þriðjung, en landeigandi tvá hluti, nema skot finnist í, þá á skotmaðr þriðjung. Skal skotmannshlut svá fara at öllu sem um rekahval. En þeir menn sem fyrst bera festar í hval eigu at hafa finnanda spik, þótt fleiri sé at flutningu. Þat eru þrír tigr áttu fjórðunga vætta, hálftr hvárt spik ok rengi, ef hann er tvítugr eða lengri óskerðr, eða svá skerðr at hann sé þá eigi minni en tvítugr þess kyns heill. Þat skal allt af flutningarþriðjungu takast. Ok ef þeir hafa nokkut skorit á skip sitt, en flytja þat er eptir er, þá skulu þeir þat fyrir finnandasþik hafa, en skipta sem öðrum hval þat sem meira er. Ef landeigandi er at flutningu, þá á hann kost at flytja á sitt land. En ef þangat er lengra, þá ábyrgist hann hval við sína lagsmenn, ef þeir missa fyrir þat. Ef landeigendr eru fleiri at flutningu, þá skal á þess manns land flytja er næst á land. . . . Ef gríðmenn manns finna hval á floti ok á bóndi verk þeira allt, þá á hann hvalinn. En ef hann

átti, fiski þeira at eins, þá á hann eigi meira í hval en sýslan dvaldist, sú er hann átti eptir því sem bændr virða, ok skip-hlut sinn, ok ábyrgist þeir þó skip sem áðr. Nú flytja menn hval ór almenning, ok eignast þeir eigi, nema þeir beri fyrr festar á land en þeir láti hval lausan ok festi sem fyrr segir, ella er þat rekahvalr. Nú rekr hval svá mjök fyrir veðri eða straumi at hann ræðr skipinu, en eigi skipit honum, þá er sem þeir hafi ófundit hval.

Kap. 8. Um rangfluttan hval ok ef í fiskhelgi er.

Ef menn flytja hval þaðan frá landi manns er sjá má fisk á borði, þá á sá hval er áðr átti. . . . Í fjórðum eða sundum, þar er maðr flytr hval svá at sjá má fisk á borði frá fleirum löndum en einu, þá eigu þeir allir jafnt, er svá nær eigu lönd, þó at einn flyti á sitt land, nema af einhvers landi standi svá mikit veðr, at þangat mátti eigi flytja. Ef menn reka hvali á land manns, þá eigu þeir tvá hluti, en landeigandi þriðjung. Ef menn finna hval í vökum útar en fisk sér á borði, þá á sá er fyrstr finnr allan þann er hann kemr á ís upp. Nú koma menn til ok bera vápn á hvali þá ok festa við ísbrún svá at eigi má sökkva, þá eigu þeir er veiða, en þeir sem síðarr koma til, ok neitta hinir þeira liði ok sökkr hvalr, þá ábyrgist þeir er fyrr kómu við þessa eptir manntali þenna hval. Ok hvatki er þeir fá svá, þá skulu þeir þar á land bera er þeir vilja. En ef landsdrottinn telr at, at þeir spilla þar eng hans eða haga, bæti skaða . . . þeim er gras á. En ef leggr á hölkn eða fjöru, þar sem engi er skaði at, flyti brott at ósekju. Nú finnr maðr hval í ísum nær landi, ok þó fyrir útan netlög, þá á hann hálfan ef kvíkr er, en landeigandi allan ef dauðr er. Nú gengr vök allt at landi sú er menn sæfa hvali í fyrir útan netlög, ok renna þeir á land upp, þá á svá at fara um eiginorð þeira sem menn reki upp með skipum. Ef menn skjóta þingbornum skotum hvali í vökum, þá eigu þeir eigi heldr en aðrir menn, nema dauða reki á land, þá eigu þeir skothlut. Hverr maðr á veiði sína fyrir útan netlög. Þat er veiðr, ef maðr flytr á skipi til lands, en flutning ella. Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir útan netlög, þá á sá allan er veiðir.

Kap. 9. Um selveiðar ok skot þat eigi er þingborit.

Ef maðr hittir net í látrum sínum ok sel í, þá á hann net ok svá sel, þar til er hinn leysir . . . net út . . . Nú lýstr maðr sel ok finna þann aðrir menn, þá á hálfan sá er laust, en hálfan sá er finnr á floti, en sá skutil sinn er skaut, ef skutil fylgir. Nú rekr á land hafrhval, björn, rostung, sel eða hnísu ok finnst skot í, þá á sá þriðjung er skaut, . . . ok skal sá er á landi býr því er á rekr lýsa því skoti . . . innan mánaðar. Nú hittir maðr á sel eða hnísu eða aðra fiska, útan hval, fyrir ofan marbakka, ok færir þeim er á jörðu býr, hafi fimmtung af, en jörð fjóra hluti. En ef hann færir brott, þá færi hann aprt. . . .

Kap. 11. Um almenningshval, ef fluttr er, hverir eigu.

Ef menn flytja hval ór almenning, þá skulu þeir fylgja festum til lands, ef þeim er óhætt fyrir stormi eða brimi. Nú skiljast þeir fyrir þat við at þeim er eigi óhætt, þá eigu þeir þó hval, ef á þat land rekr er þeir vildu flytja. En ef annars staðr kemr, þá er þat rekahvalr.